

sem veitt verður fyrir þenna starfa, fari ekki fram úr 100 rd., og að hún verði tekin af fê því, sem veitt verður til bóka-kaupa handa skólanum.

1869.  
6. marz.

**17. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um laun organleikarans í Reykjavíkur dómkirkju.**

9. marz.

Í bréfi dagsettu 7. nóvembermán. f. á. hafð þér, háæruverðugi herra, skýrt frá, hversu æskilegt það væri, að organleikaranum í dómkirkjunni í Reykjavík yrði útveguð viðbót við laun sín, sem nú eru að eins 80 rd. úr ríkissjóðnum fyrir þann starfa, og borð upp fyrir stjórnarráðinu, hvort því ekki fyndist vera tilefni til að reyna að koma til leiðar, að það verði ákvarðað með konungsúrskurði, að þangað til málefni þessu verður komið fyrir með lagabóði, skuli annaðhvort söfnuðurinn greiða organleikaranum 120 rd. launaviðbót á ári, eða honum skuli veitt slík viðbót á einhvern annan hátt. Með álitsskjali dagsettu 14. desembermán. s. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað ofan nefnt bréf yðar, háæruverðugi herra, og lagt til með, að ákveðin verði föst laun handa organleikaranum með konungsúrskurði, og sèr í lagi, að honum verði veitt 120 rd. launaviðbót á ári, er að yðar hyggju mætti útvega annaðhvort á þann hátt, að helmingur hennar væri greiddur af árstekjum dómkirkjunnar og hinn helminginn gildi söfnuðurinn, eða á þann hátt, að söfnuðinum væri gjört að skyldu að borga alla launaviðbótina.

Um leið og þess fyrst skal getið, að organleikarinn í Reykjavík er ekki verr staddur, að því er snertir þóknun hans fyrir þenna starfa, en allfestir embættisbræður hans hær í konungsríkinu, þar sem organleikarastarfið að öllum jafnaði er að eins skoðað sem aukaatvinna, er maður ekki geti haft ofanaf fyrir sèr með, nema hann hafi aðra betur launaða atvinnu jafnframt — skal yður til vitundar gefið um þetta yður til leiðbeiningar, að stjórnarráðinu ekki hefir virzt tilefni til að fallast á neina af

1869.

9. marz.

uppástungum þeim, er bornar hafa verið upp í þessu efni, og að sér í lagi getur ekki verið umtalsmál, eins og þegar er tekið fram í bræfi stjórnarráðsins 23. nóvembermán f. á., að koma því til leiðar, að veitt verði úr ríkissjóðnum nein viðbót í þessu skyni né heldur úr sjóði kirkjunnar, en það kemur í sama stað niður, þar sem hún er eign ríkisins. Hinsvegar verður stjórnarráðið að láta það vera á yðar valdi, hvort yður virðist vera til efni til að fara þess á ný á leit við sveitarstjórnirnar í Reykjavíkur sókn, að þær leggi fram tillag á ári til þess að bæta kjör organleikarans. Þar sem að ofan nefnt bréf yðar, herra stiptamtmaður, ber með sér — en það hefir stjórnarráðinu allt til þessa verið ókunnugt um — að það hefir verið álitin skylda organleikarans að leika á organið og sjá um sönginn í brúðkaupum, við líkfarir og þess konar, borgunarlaust, þá skal stjórnarráðið nota þetta tækifæri til þess að taka skýrt fram, að þóknun sú, sem organleikaranum er veitt úr ríkissjóðnum, að eins á við störf hans við sjálfa guðsþjónustugjörðina í kirkjunni, og að það er vitaskuld, að honum er heimilt að krefjast sérstakrar borgunar fyrir öll önnur störf sín við kirkjulegar athafnir hjá þeim, sem í hlut eiga; skal þar að auki borið undir yður, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, til íhugunar, hvort ekki kynni að vera tilefni til að semja reglugjörð um, hversu mikil þóknun organleikanum ber fyrir hverja slíka athöfn um sig.

9. marz. 18. **Kafli úr bræfi dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um skipstrand.**

— — — — —  
 — — — — —  
 Þar sem þér, herra amtmaður, hafið ritað á fylgiskjölin með reikningnum um skipstrandið, hvernig ætti að yðar hyggju að færa hvert einstakt atriði í útgjöldunum niður, en um leið tekið fram, að yður virðist vafasamt, hvort þér ættuð með að leggja